

Móttökuáætlun fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Þegar nýr nemandi með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur fengið samþykka skólavist frá skrifstofu skólans hefur umsjónarkennari samband. Nýjir nemendur við skólann koma alla jafnan í skólaheimsókn. Því má gera ráð fyrir því að búið sé að fara yfir flesta þætti sem tengjast skólalastarfinu. Teljist þörf á hefur umsjónarkennari samband við foreldra og bókar þá ásamt nemandanum í viðtal. Fagstjóri fjöltyngdra situr þá fundi eftir þörfum. Í skólaheimsókninni og/eða á fundinum er meðal annars farið yfir:

- námslega stöðu
- tungumála bakgrunn fjölskyldunnar
- hvað þarf að hafa með sér í skólann (íþróttir/sund/nesti/mataráskrift)
- útiföt
- hvað skólinn útvegar
- frístund
- heimanám og skyldur foreldra
- skóladaginn, skólareglur og skóladagatal
- mentor.is (framgangur námsins, bekkjarlisti og forfallaskráning)

Í skólaheimsókn / viðtali með kennara er gengið með foreldrum og nemanda um skólann og þeim sýnt skólahúsnæðið. Foreldrum býðst aðstoð frá skrifstofu skólans í að fylla út skólasamning og fá aðgang að mentor.is.

Fljótlega eftir að nemandi hefur nám leggur sérkennari fyrir prófið „Á milli mála“ sem metur stöðu í íslensku. Út frá niðurstöðum er tekin ákvörðun um stuðningsþörf nemandans í íslensku. Þörf fyrir stuðning í öðrum námsgreinum er metin hverju sinni.

Umsjónarkennari kynnir nemandann fyrir öðru starfsfólki og nemendum í bekknum og virkjar tvo til þrjá nemendur í að hjálpa nýja nemandanum að rata um í skólahúsnæðið og í frímínútum.

Umsjónarkennari er í góðum samskiptum við foreldra og upplýsir þá um aðlögun og námsframvindu nemandans.